



Reykjavík, 24. janúar 2019  
R19010281  
6631  
BP/dmh

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Tryggvagata 13 - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 24. janúar 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. janúar 2019, sbr. synjun skipulags- og samgönguráðs frá 16. janúar 2019 á breytingu á skilmálum deiliskipulags Tryggvagötu 13-15 vegna lóðarinnar nr. 13 við Tryggvagötu, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð staðfesti synjun skipulags- og samgönguráðs.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Ljóst er að framboð á dýrari eignum miðsvæðis er mikið og fer vaxandi. Á sama tíma er lítið framboð af hagstæðu húsnæði. Hér þarf heildstæða endurskoðun í miðborginni, ekki síst þar sem íbúum hefur fækkað þrátt fyrir mikil umsvif á svæðinu.


Borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Uppbygging íbúða við Tryggvagötu var samþykkt af borginni og lóðarhöfum á tilteknum forsendum, þar skyldu rísa íbúðir á almennum markaði. Þær forsendur hafa ekkert breyst. Borgin getur ekki heimilað fjölgun gistiheimila á þessum viðkvæma stað, enda er gististaðakvóti upp á 23% í Kvosinni nú þegar uppfylltur. Aðalskipulag til 2030 og húsnæðisstefna borgarinnar gera ráð fyrir fjölgun íbúða í miðborg, það verður að standast.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Jákvætt er að sjá að ekki verði fallist á að heimila breytingu á deiliskipulagi til þess að heimila tímabundna gististarfsemi. Borgarbúar þurfa ekki á fleiri hótélíbúðum í

miðborginni á að halda, borgarbúar þurfa á fleiri íbúðum á að halda.



Bjarni Þóroddsson

e.u.